

## VEÐURFAR Á NORÐURSLÓÐUM

Óblítt og breytilegt veðurfar getur haft talsverð áhrif á borgir á norðlægum slóðum og þar af leiðandi á lífsskilyrði og lífnaðarhætti þar. Þættir sem skipta máli eru t.d. óþægindi af völdum kulda, vinda, myrkurs og úrkomu.

Við skipulag borgarhverfa á norðurslóðum er mikilvægt að haga niðurröðun og afstöðu bygginga þannig að þær móti umgjörð um skjólsæl svæði þar sem njóta má útiveru. Huga þarf að því að rými njóti sólar og að form bygginga sé nýtt til að brjóta vind. Auk þess þarf að tryggja að götur séu ekki of brattar, svo hægt sé að fara um þær að vetri til í hálfku og snjókomu. Einnig þarf að sjá til þess að unnt sé að ryðja snjó og koma honum fyrir utan ruddra leiða. Upphitun göngu- og ökuleiða má einnig nýta til að auðvelda för að vetri.

Skipulag byggðar getur einnig brugðist við lítilli birtu og stuttum sólargangi yfir vetrartímann. Það má t.d. gera með því að huga markvisst að efnis- og litanotkun í byggingum, sem og hvernig lýsing er nýtt utan dyra. Þá gefast tækifæri í skipulagi til að skapa aðstöðu fyrir útiveru að vetrarlagi, s.s. með skautasvellum, sleða- og snjóbrettabrekkum, eða skíðagöngubrautum. Skapa má aðstöðu fyrir vetrarhátíðir eða listviðburði tengda vetri og útiveru.



Við skipulag byggðar gefst gott tækifæri til að skapa aðstöðu fyrir útiveru að vetrarlagi og umgjörð um lifandi og áhugavert umhverfi